

Nd.

66. Frumvarp til laga

[63. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stjórn hafnarinnar eiga sæti 5 menn, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og tveir af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá niður umboð núverandi stjórnar Rífs-hafnar.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um landshöfnina í Rífi segir í 4. gr., að í stjórn hafnarinnar eigi sæti 5 menn, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Með þessu frumvarpi er lagt til, að sá hreppur, sem landshöfnin er í, skuli kjósa tvo þessara manna, en Alþingi þrjá.

Í lögum um landshöfnina í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi segir, að stjórn þeirrar hafnar skuli skipa 5 menn, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Ráðherra skipar formann úr hópi hafnarstjórnarmanna.

Í lögum um landshöfn í Þorlákshöfn er gert ráð fyrir enn annarri skipan hafnarstjórnar. Þar eiga sæti í stjórn 7 menn og jafnmargir varamenn, kosnir af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

Af þessu má sjá, að ósamræmi ríkir í skipan stjórna landshafna og hefur Rífs-höfn þá sérstöðu, að þar ræður ráðherra öllum stjórnarmönnum.

Augljóst er, að náð og gott samstarf verður að takast milli landshafnanna og þeirra sveitarfélaga, sem þær eru í. Þetta hefur því miður ekki tekist nógu vel milli Rífs-hafnar og Neshrepps utan Ennis (Hellissands), og er tilgangur þessa frumvarps að leitast við að bæta úr því.

Landshöfnin í Rífi ræður yfir allmiklu landi, mun meira en þörf er á til hafnarinnar og nauðsynlegrar aðstöðu við hana. Íbúðahverfi hefur risið upp í þessu landi, og virðist vera bæði á vegum hafnaryfirvalda og hreppsins. Þá hefur það gerst, að hafnaryfirvöld hafa látið flugfélagi í té land til að gera nýjan flugvöll án þess að hafa um það nokkurt samband við hreppsnefnd. Framtak flugfélagsins er lofsvert (enda þótt annar flugvöllur sé til við Hellissand), en meðferð málsins var harla vafasöm.

Erfitt er að koma auga á greiðari leið til að bæta samband og sambúð landshafnar og hreppsfélags en að gefa hreppsnefnd kost á að kjósa tvo menn í hafnarstjórn. Fordæmi slíkrar skipunar er að finna í lögnum um landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkurhreppi. Þá er og eðlilegt, að Alþingi kjósi aðra stjórnarmenn, eins og gert er ráð fyrir í lögum um báðar hinar landshafnirnar.